

Fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn þriðjudaginn 19. nóvember og hófst kl 12:00

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Halldór Njálsson, Hildur Stefánsdóttir, Kristinn Lárusson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ingvar Sigurgeirsson prófessor við kennaradeild Háskóla Íslands sem er að vinna að mótun skólastefnu í Langanesbyggð.

1. Skólastefna í Langanesbyggð.

Ingvar kallaði fyrst eftir hvort fundarmenn vildu koma einhverju á framfæri áður en hann gerði grein fyrir fyrstu niðurstöðum.

Siggeir sagðist hafa fylgst með málinu úr fjarlægð og sagðist vera sáttur við þá vinnu sem hefði farið fram.

Ingvar fór yfir stöðuna á vinnu sinni við mótun skólastefnu í Langanesbyggð. Nú er hann búinn að funda með íbúum bæði á Þórshöfn og á Bakkafirði, með starfsfólki skólanna og með nemendum. Það eiga því allir að hafa fengið tækifæri til að segja sína skoðun á skólamáli í Langanesbyggð.

Ingvar telur leikskólann vel settan faglega og er almenn ánægja með hann í samfélaginu. Hins vegar sé húsnæði leikskólans á Þórshöfn óviðunandi. Þá er fyrirsjáanlegt að leikskólabörnum fer fjölgandi á Bakkafirði og því sé áriðandi að hugað verði að úrræðum í leikskólamáli á Bakkafirði.

Staðsetning á nýjum leikskóla rædd. Ingvar telur liggja ótvíræða kosti í því að hafa leikskólann í nálægð við Grunnskólann og jafnvel sambyggðan honum. Nefndarmenn töldu það einnig ákjósanlegt sé því við komið.

Nefndarmenn voru sammála um að mikilvægt væri að fara að hraða þessari vinnu og reyna að hrinda henni sem fyrst á framkvæmdarstig.

Ingvar ræddi síðan málefni grunnskólanna. Þar væri unnið mjög gott faglegt starf. Augljós tækifæri felast í meiri samvinnu grunnskólanna og því mikilvægt að þeir stilli saman strengi. Grunnskólarnir hafa báðir unnið að þróunarverkefnum sem eftir hefur verið tekið. Þá hefur skólabragur í Grunnskólanum á Þórshöfn tekið miklum stakkaskiptum undanfarið ár. Þá voru rædd þau sóknarfæri sem fælust í auknu samstarfi við Svalbarðshrepp.

Framtíð grunnskólanna og framtíðarsýn nefndarmanna rædd.

Ingvar þakkaði fundarmönnum fyrir fundinn.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl 13:20.